


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 891 7360 - 891 8260 - sraf.is



Afrekskonan Kristín Þorsteinsdóttir

— sjá bls. 6 — 9.

Bæjarins besta fór í heimsókn til Kristínar Þorsteinsdóttur sem á dögunum kom heim frá Ítalíu hlaðin gulli og gersemum eftir keppni á Evrópumeistaramóti DSISO, þar sem hún setti tvö heimsmet og 9 Evrópumet. Í blaðinu er viðtal við sundkonuna knáa og móður hennar, Sigríði Hreinsdóttur, þar sem í ljós kemur að snemma hafi beygst krókurinn til þess sem verða vildi hjá Kristínu og segja þær frá Evrópumótinu, uppvextinum og daglegu lífi.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 26. nóvember 2015 · 47. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Nóvemberkaktus



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*


FERÐALAG TIL FORTÍÐAR



Í þessari fróðlegu og skemmtilegu bók er sagt frá utan-
garðsfólki og förufólki á Vesturlandi og Vestfjörðum
frá síðari hluta 18. aldar og fram á fyrstu ár 20. aldar.

Hrífandi grasrótarsaga sem bregður nýju og óvæntu
ljósi á Íslandssöguna.

Bókin er ríkulega myndskreytt, þar á meðal með teikn-
ingum Halldórs Baldurssonar.



Ugla



Atvinna

BOLUNGARVÍK



Leikskólinn Glæðheimar Bolungarvík auglýsir eftir deildarstjóra

Laus er til umsóknar staða deildarstjóra við
leikskólann Glæðheima á deild fyrir 1-3ja ára börn.
Glæðheimar er þriggja deilda leikskóli með um 50
börn. Í leikskólanum er unnið með lífsleikni í leikskóla
sem byggist á dygðakennslu. Mikil áhersla er einnig
lögð á útiveru, hreyfingu og hollustu. Launakjör eru
samkvæmt kjarasamningum KÍ. Starfið hentar jafnt
körnum sem konum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun, áskilin
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með
ungum börnum æskileg
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Áhugi á fræðslu barna og velferð þeirra
- Stundvísir
- Hreint sakavottorð
- Góð íslenskukunnátta

Umsækjandi þarf að geta hafið störf 4. janúar 2016.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu leikskólans
Hlíðarstræti 16 eða í tölvupósti gladh@bolungarvik.is
Umsóknafrestur er til 30. nóvember 2015

Allar frekari upplýsingar veita Ragnheiður eða
Guðfinna í síma 456-7264 eða á netfangið gladh@bolungarvik.is.

Heimasíða leikskólans er <http://gladheimar.leikskolinn.is>



Hafdis Gunnarsdóttir

– Sjónarmið –

Númer fimm í röðinni!

„Ef þú ert númer fimm í
röðinni getur þú bókað að um
naudgun er að ræða.“ Ég hugsa
að flestir kannist við þessa
tilvitnun. Hún var í yfirlýsingu
sem móðir sendi frá sér eftir
að fimm piltar voru sýknaðir í
Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir
að nauðga dóttur hennar. Að
mínu mati hittir hún algjörlega
naglan á höfuðið og mér leið
eins og ég hefði verið kýld í
magann þegar ég las akkúrat
þessa tilvitnun. Hún er svo fá-
ránlega augljós að ég skil ekki
hvers vegna þessir piltar hugs-
uðu ekki akkúrat þetta. En það
er nefnilega málið. Á svona
stundu, þegar fimm piltar eru
að skiptast á að fá kynferðis-
lega útrás á unglingsstólku, eru
menn að öllum líkindum ekki
að hugsa rökrétt. Þá er ekki

verið að hugsa um afleiðingar
eða líðan neins. Piltarnir sögðu
að ekkert hefði gefið til kynna
að stúlkan væri hrædd á þessari
stundu. En spurði hana einhver?
Einn af þessum piltum sagði
fyrir dómi að þarna hafi átt sér
stað algjörlega venjulegt kynlíf.
Bara fjórir drengir að horfa á
félaga sinn á meðan hann svarar
fýsn sinni á stólku og þeir bíða í
eftirvæntingu eftir að röðin komi
að þeim til að gera hið sama. Í
hvaða veröld er þetta venjulegt
kynlíf? Fyrir mér hljómar þetta
bara eins og hrottalegt klám og
naudgun.

Málið er að börn eru að horfa
á klám. Sérstaklega drengir.
Klámið er allstaðar á netinu og
þú þarft ekki einu sinni að vera
að leita að því til að detta inn á
klámsíðu. BBC gerði könnun

árið 2013 meðal ungmenna
sem höfðu horft á klám á netinu
og kom í ljós að aðeins 22%
af þeim var í raun að leita að
kláminu. Hin 78% fóru óvart inn
á klámsíðurnar, oftast í gegnum
leikjasíður. Þannig að börn sem
hafa aðgang að tölvum og eru
að leika sér í tölvum (nánast öll
börn á Íslandi) munu að öllum
líkindum fara inn á klámsíðu,
hvort sem þau vilja það eða ekki.
Spurningin er svo hvort þau loki
síðunni um leið eða láti til leið-
ast. Þau börn sem horfa á klám
á netinu (þau sem eru að leita
að klámi) eru oftast strákar eða
88% samkvæmt nýlegri könnun.
Drengirnir eru alveg niður í 8 ára
gamli. Fyrir þessum drengjum
getur klámið orðið að normi og
þegar þeir verða eldri og fara að
stunda kynlíf eru þeir með hug-

myndir byggðar á klámi. Línan á
milli kynlífs og kláms verður því
mjög óljós og því hættan meiri
á að kynlífsathöfnin breytist í
ofbeldi.

Umræðan varðandi kynferðis-
isofbeldi er oft áberandi á sam-
félagsmiðlum og í fjölmiðlum,
en ég er hrædd um að hún nái
ekki til þeirra sem hún þarf að ná
til. Að mínu mati þarf hún ekki
bara að ná til foreldra heldur
einnig til ungmenna, alveg niður
í grunnskólaaldurinn. Við þurfum
meiri fræðslu fyrir foreldra
svo þeir geti frætt börnin sín
og sennilega þurfum við betra
kennslufni fyrir skólana. Hér
þarf vitundarvakning að eiga
sér stað svo fólk geri sér al-
mennilega grein fyrir áhrifum
klámvæðingarinnar og hversu
auðvelt það er fyrir börn að

sogast inn í þennan heim. Ég
vil hvetja foreldra til að taka
þessa umræðu við börnin
sín, sérstaklega drengina, og
hreinlega spyrja hvort þau hafi
horft á klám. Það þarf að gera
þeim grein fyrir því að það eigi
ekki skylt við kynlíf og oft sé
það ekkert annað en ofbeldi.
Einnig þarf að leggja áherslu
á að kynferðislegar athafnir
enda aldrei vel ef ein mann-
eskja (eða fleiri) notar aðra
manneskju. Þetta verða mjög
vandræðalegar 15 mínútur
fyrir unglinginn, en skilaboðin
munu síast inn. Svo þarf að rifja
þetta upp aftur og aftur.

Á meðan enn er verið að
brjóta á fólk með kynferðisleg-
um hætti finnst mér umræðan
alltaf eiga rétt á sér og er hún
þá aldrei of mikil.

ALLAR VÖRUR* TAX FREE

AÐEINS FIMMTUDAG

LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGINA

Húsasmiðjan og Blómaaval Ísafirði

Opið laugardag 28. nóvember kl. 10 - 14 (Timbursala lokuð)

Opið sunnudag 29. nóvember kl. 11 - 15 (Timbursala lokuð)

Einig
TAXFREE AF
JÓLALJÓSUM
FRAMÁ
SUNNUDAG

*GILDIR EKKI AF VÖRUM Í TIMBURSÖLU

*GILDIR EKKI AF TILBOÐSVÖRUM, WEBER GRILLUM OG KITCHENAID VÖRUM

*GILDIR EKKI AF VÖRUM MERKTUM „LÆGSTA LÁGA VERÐI HÚSASMIÐJUNNAR“
ENDA ER ÞAÐ LÆGSTA VERÐ SEM VIÐ BJÓÐUM Á HVERJUM TÍMA

blómaaval



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA



Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



Útgefandi: Athafnaglesi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Bladamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndun bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Númer fimm!

Hafðís Gunnarsdóttir skrifar sjónarmiðið í blaði dagsins og fjallar þar um það sem við ættum öll að íhuga. Hvernig getur það gerst að fimm ungir piltar hafa samfarir við eina stúlku gjörsamlega ómeðvitaðir um að hún væri þessu andsnúin. Einhverra hluta vegna voru þessir ungu menn, allir sem einn, í besta falli svo innilega fáfróðir um kynlíf og um hvað það snýst eða í versta falli svo grimmir og vondir að þeir vildu vinna henni mein. Ef við gefum okkur að dómarrinn hafi komist að réttari niðurstöðu, að þeir hafi ekki getað á neinum tímamarki gert sér grein fyrir að þeir væru að nauðga sextán ára gamalli stúlku, verðum við að íhuga hvað hafi farið úrskeiðis í menntun og uppeldi þessara ungu manna. Hafðís telur að gengdarlaus og gagnrýnislaus notkun kláms og aðgengileiki þess fyrir unga krakka valdi ranghugmyndum um eðli kynlífs. Fræðslu sé þörf og augljóslega eru klámsiður ekki besta uppspretta þekkingar á þessu sviði, það hlýtur öllum að vera ljóst.

Kynferðisbrot hafa verið áberandi í umræðunni undanfarnar vikur og þar hafa verið teknir snúningar sem margir töldu óhugsandi. Til dæmis að ákærur séu gefnar út á brotaþola meðan málið er í ferli, lögfræðingar kæra hvorn annan og á fingur lögreglumanns er slegið þegar honum blöskrar umræðan. Þöggunartilburðirnir eru grímulausir eða eins og Arngrímur Vídalín orðaði það svo vel á facebooksíðu sinni „Maður sem ríður börnum og barnar þau, unir ekki öðrum þess að blöskra þegar börnum er hópnauðgað“

Ylfa Mist setti góðar hugleiðingar um kynfræðslu á facebookvegg sinn í vikunni og ætti sá texti að vera skyldulesning allra foreldra því hvaða foreldri vill standa frammi fyrir gerðum hlut, eða eins og Ylfa orðar þetta „Það er nefnilega hægt að fyrirgefa búðarhupl. Og ólokin heimaverkefni. En hvernig tekst maður á við það ef sonur manns nauðgar stúlku?“

BS

Spurning vikunnar

Leggur þú þig fram um að versla í heimabyggð?

Alls svöruðu 511.

Já, sögðu 391 eða 77%

Nei, sögðu 120 eða 23%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Heimska eftir Eirík Örn Norðdal

heilsa hér. Forheimskandi seður verður ekki hollari fyrir það að vera ramm-pólitískur (í versta skilningi þess orðs).

HEIMSKA



Eiríkur Örn Norðdal

ekki einu sinni þegar hann samræmist skoðunum manns á þjóðlífinu. Þið afsakið okkur, þetta er hlustendur, en Akmei

Heimska er skáldsaga um að sjá allt og sjást alls staðar, um óstjórnlega forvitni mannsins og þörf hans fyrir að vekja athygli, um fánýti bókmennta og lista – og mikilvægi – um líkindi mismunarins, um hégóma, ást og svik. Og síðast en ekki síst um framtíðina.

Úr heimsku:

Um morguninn þegar Áki ætlaði í vinnuna eftir vel útlátinn hótelmorgunverð – nötrandi af þynnu – tók hann eftir því að einhver hafði stungið á hjólbardana á reiðhjólínu hans. Það var rautt Victor BioRacer, hann hafði farið fram og aftur Ísafjarðardjúp á því og dekkinn – hvít Vesuvio, glæný – kostuðu einsog vikugisting á hótelineinu. Þau héngu utan á gjörðinni í henglum.

Hann vissi upp á sig sökina en samt hugsaði hann: helvítis mellan. Helvítis mellan, hugsaði hann, við erum ekki einu sinni gift. Djöfulsins hóran. Þannig hugsaði hann alla leiðina niður í Sportheima þar sem hann skildi hjólið eftir, fékk annað síðra lánað og hjólaði áleiðis á skrifstofuna. Helvítis mellan.

VIII

Þau kalla það eftirlit og við köllum það framtíðarmúsík – dystópía, hugsanlega, martröð – en í raun var það frekar hversdagslegt og kannski furðu fátt um það að segja. Það er ekki einsog fólk hafi setið og starað hvert á annað allan daginn sleitulaust. Fólk hafði annað að gera. Fólk þurfti að sinna heimilum sínum. Fólk þurfti að vinna. Og það var ekki gaman að horfa á annað fólk vinna – pilla rækjur, selja fisk, rukka skuldir, gefa lyf eða skipta um glænýja Vesuvio-hjólbarda.

Og svo voru kannski allir líka að sinna Facebook. Það var einfaldlega ekki á álagið bætandi.

IX

Áki og Leníta Talbot lifðu á undantekningu – utan við venjulegt brauðstrit, í senn hluti af tignaðri aðalsstétt, mikilvægustu gagnrýnendur samfélagsins og þess lærðustu lírukassaspilarar, þau skrifuðu skáldsögur um náttúruna, eðli mannsins og óeðli, byggðu þær á sagnfræðilegum heimildum, fornsögum og eddukvæðum, komu fyrir að lágmarki einu eldgos, íslenskum skepnum, vanvitum og víkingafígúrum, sveitabýlum, einbúum, fléttuðu saman við þær samtímapólitík og heimssögulegar víddir og hófu þær helst á einsog einu morði. Hann skrifaði sínar og hún skrifaði sínar og þau reyndu að styðja hvert annað – stundum runnu hugsanir þeirra saman, það varð óljóst hvar öðru þeirra lauk og hitt byrjaði, þau voru tvær mann-skjur með eina sköpunargáfu og einsog gefur að skilja tóku þau á endanum að ræna hvort annað, fóru að taka meira en þau gáfu og urðu þannig stöðugt fátækari, hvort um sig og saman. Allt þar til þau skildu, það er að segja, fyrir þremur árum – og gott ef það var ekki líka ástæðan fyrir skilnaðinum. Síðan þá lifðu þau á styrkjum og sölu á þýðingum til útlanda en skrifuðu ekki orð. Í senn útrásarvíkingar og bein-ingamenn.

X

Skrifstofa Áka var lítil frístandandi kompa á stultum úti við vegg í stórum sal í gamalli rækjuverksmiðju neðan við Mávagarð. Hópur af listamönnum úr Reykjavík hafði tekið yfir húsið með velþóknun bæjaryfirvalda sem höfðu hirt það upp í ógreiddar skuldir eigandans. Fáeinum árum áður hafði herbergið hýst svonefndan kerlingabana – pillunarvél sem olli því að fjórum af hverjum fimm starfsmönnum á færibandi, sem voru fyrst og fremst konur frá Tælandi og Filippseyjum, var sagt upp – en í herberginu á stultunum sat pillunarkarlinn og gætti þess að kerlingabanninn stíflaðist ekki. Þetta gafst vel á meðan pillunarvélina var ennþá háþrúð, en eftir því sem tæknin hratt tímanum áfram varð hún vanþrúðri, og það, í bland við misgott fiskerí, setti rækjuverksmiðjuna endanlega á hausinn. Ef ekki hefði verið fyrir velviljaða myndlistarmenn úr Reykjavík hefði húsið kannski staðið autt þar til tíðin batnaði, þar til einhver birtist með betra nef

fyrir bisseniss, sem gat þéfað uppi fé til rekstursins og rækju úr Djúpinu, eða bara um ókomna tíð, þar til það einfaldlega grotnaði niður.

Hvað sem því leið hafði Áki nú haft herbergið litla fyrir skrifstofu í nærri þrjú ár. En í stað þess að fylgjast með kerlingabananum pilla rækjur – einsog hann hafði gert í afleysingum eitt sumar sem unglingur – fylgdist hann nú með spunaæfingum ungra Reykvik-inga á meðan hann hlustaði á Prokofiev á Spotify og hafði auga með Lenítu, sem hafði auga með honum til baka, þar sem hún sat við eldhúsbordið þeirra og lét, einsog hann, líta svo út sem hún ynni. Úti á gólfinu fíktuðu unglingarnir í tölunum sínum, léku sprengingar með fimum líkómum sínum, breiddu út arma og blésu út kinnar og hlógu, einsog veröldin hefði engin áhrif á þau, einsog hún væri bara skraut. Áka langaði að hnippa í þau og segja þeim að lífið væri allt miklu alvarlegra en þau gerðu sér í hugarlund og þau ættu eftir að reka sig á það síðar.

Svo fór rafmagníð og internetíð og þá var enginn Prokofiev, engin Leníta og meira að segja ungmennin á gólfinu virtust hálfbatteríslaus í fettum sínum og brettum þar til það kom aftur nokkrum sekúndum síðar.

XI

Leníta sat á klappstól úti á tröppum og gerði tilraun til þess að hætta að reykja með því að klára pakkann. Það var að koma hádegi og hún var búin að svara þremur tölvupóstum. Tveir voru samskipti við aðra rithöfunda – það var óaðskiljanlegur hluti af hinu einmanalega starfi rithöfundarins að halda úti bréfaskrifum við kollega – og sá þriðji var jákvætt svar við boði á bókmenntahátíð í Grimstad í Noregi.


Framhjá húsinu keyrði lög-reglubíll en Leníta kannaðist ekki við löggurnar sem sátu í honum. Tíu mínútum síðar birtist hann aftur nema þá voru enn nýjar löggur í honum. Tíu mínútum eftir það kom hann enn einu sinni og aftur nýjar löggur. Sex nýjar löggur á innan við hálf tíma. Leníta var í sjálfsskipuðu fréttabanni – til að refsa sjálfri sér fyrir léleg afköst – og fannst einsog allt kæmi sér þar með stöðugt á óvart. Kannski voru sumarafleysingar. Kannski var forsetinn í bænum. Eða var búið að sameina embættin?

Það voru bara þrjár sigarettur eftir í pakkannum. Með dálíttilli hardfyllni gæti hún hætt eftir tuttugu mínútum.

AUKAGLUGGI Á DAGATALINU

SKELLTU ÞÉR Í BORGARFERÐ FYRIR JÓLIN

FLUGFÉLAG.IS



VERÐ AÐEINS 7.990 kr. aðra leiðina með sköttum

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ því að skella sér suður um jólin.
Tilboðið gildir fyrir flug til Reykjavíkur frá Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum.

Ferðatímabil: **15. – 22. desember**

Bókunartímabil: **Frá kl. 10:00 25. nóvember – miðnættis 27. nóvember**



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



Afrekskonan Kristín Þorsteinsdóttir

Blaðamaður Bæjarins besta fór í heimsókn til Kristínar Þorsteinsdóttur, sem á dögunum setti hvorki meira né minna en 2 heimsmet og 9 Evrópumet í sundi á Evrópumeistaramóti DSISO sem haldið var á Loano á Ítalíu.

Um leið og inn úr dyrunum var komið blasti við blaðamanni heilmikið blómahaf sem og risavaxin kippa verðlaunapeninga, sem Kristín hlaut bæði í undanúrslitum og úrslitum keppinnar. Verðlaunapeningarnir úr úrslitunum voru sjö talsins þar sem hún hlaut fimm gullverðlaun, ein silfurverðlaun og ein bronsverðlaun.

Kristín komst á verðlaunapall í hverju sundi sem hún keppti. Fyrsta daginn keppti hún í 25m skriðsundi þar sem hún setti Evrópumet og vann til gullverðlauna og í 50m flugsundi, þar sem hún fékk silfur. Annan daginn keppti hún í 25m baksundi þar

sem hún setti annað Evrópumet og vann til annarra gullverðlauna sinna og 50m baksundi þar sem hún fékk brons. Á þriðja degi keppti hún í 100m skriðsundi þar sem hún setti bæði Evrópumet og heimsmet og vann að sjálfsögðu gull. Á fjórða degi keppti hún í 25m flugsundi þar sem hún setti aftur bæði Evrópu- og heimsmet og vann aftur til gullverðlauna. Síðasta sundið hennar á mótinu var svo 50m skriðsund, þar sem hún setti enn eitt Evrópumetið og fékk enn eitt gullið.

Kristín er búsett á Engjaveginum á Ísafirði með foreldrum sínum Sigríði Hreinsdóttur, fótaaðgerðarfræðingi og Þorsteini Bragasyri rafmagnstækni-fræðingi. Kristín á tvö systkini sem flutt eru að heiman, eldri bróðurinn Braga sem lærir grafíska hönnun í Óðinsvéum og yngri systurina Mörthu sem nemur geislafræði við Háskóla

Íslands. Tóku þær mæðgur Kristín og Sigríður afar vel á móti blaðamanni sem gerði góð skil á kaffi og dýrindis kruðurí á meðan að spjallað var við þessar skemmtilegu mæðgur.

Vilja hvergi annars staðar vera

Kristín fæddist í Danmörku fyrir 23 árum. Hún var þar fyrstu sjö mánuði ævi sinnar, en þá flutti fjölskyldan heim á Ísafjörð eftir 10 ár í Danmörku, þar sem þau hafa verið síðan. Kristínu finnst mjög spennandi tilhugsun að hafa fæðst í Danmörku og er fjölskyldan á leið í heimsókn á fæðingarstaðinn í desember.

Sigríður: „Við ætlum að halda jólin með Braga í Óðinsvéum og síðan ætlum við að taka langan dag þar sem við keyrum til Álaborgar þar sem við ætlum að sjá og skoða og upplifa. Þá fær Kristín að sjá hvar hún fæddist og staðinn sem

hún átti heima fyrstu mánuði ævi sinnar. Hún er mjög spennt fyrir því.“

Kristín segist ánægð að búa á Ísafirði. Aðspurð um hvort fjölskyldan hafi íhugað að flytjast búferlum vegna íþróttaiðkunar Kristínar segir Sigríður það ekki hafa komið til alvarlegs tals. Fjölskyldan sé afar ánægð á Ísafirði þó að sjálfsögðu fylgi því einhverjar takmarkanir að búa í litlum bæ. Hún segir þau vel kunna að meta rólegheitin og Kristín bætir við að hér séu engin brjálæðisleg læti.

Kristín byrjaði að æfa sund þegar hún var 6 ára og byrjaði hún að keppa í sundi árið 2001, þá 9 ára. Í dag fer hún á þrjár sundæfingar í viku þar sem hún æfir klukkustund í senn, einnig æfir hún þrek aukreitis. Kom það mörgum á óvart að hún stæði sig svo stórkostlega á móti öðrum keppendum mótsins sem margir æfa daglega og hafa til þess aðstöðu sem Sundhöll Ísafjarðar tæplega stenst samanburð við. Kristín segist ánægð með aðstöðuna á Ísafirði þar sem hún æfir og sér engum ofsjónum þann aðstöðumun sem kann að vera á milli hennar og keppinautanna. Á æfingunum á Ísafirði fer Kristín í gegnum mismunandi æfingar. Hún hitar alltaf upp og stundum tekur hún hendur og stundum fætur, stundum bæði, stundum tækniæfingar og eins og fyrir mótið núna þá var hún mikið að byggja upp þol og þrek þar sem hún synti lengri sund en oftast á æfingum.

Stundum hefur Kristín farið á æfingar hjá Firði í Hafnarfirði ef hún er stödd á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur stundum komið til tals að hún taki æfingatímabil fyrir sunnan, en það hefur ekki enn orðið að veruleika þó aldrei sé að vita hvað framtíðin ber í skauti sér í þeim efnum. Mikil áhugi er hjá þeim fyrir slíku en ekki hlaupið að því fyrir alla aðila að láta slíkt ganga upp, sér í lagi þar sem því fylgir talsverður kostnaður og vinnutap.

En hvaða sundgrein skyldi henni sjálfri finnast skemmtilegust? Kristín er fljót til svars og segir að sér þyki skriðsundið skemmtilegast, en henni finnst líka mjög gaman að synda baksund og flugsund.

Kristín fór síðasta sumar vikudvöl í íþróttasumarbúðir á Laugarvatni. Þar tók hún meðal annars nokkrar sundæfingar að eigin frumkvæði. Þetta var í fyrsta sinn sem hún fór í sumarþúðirnar á Laugarvatni og fannst henni mjög gaman þar, en þegar hún var yngri fór hún sumar hvert í sumarþúðir í Reykjadal. Í Reykjadal fannst Kristínu svo gaman að hún taldi dagana frá því hún kom heim og þar til hún fór þangað aftur að ári. Sigríður segir að Kristín hafi verið eitthvað skeptísk á að fara á Laugarvatn, en nokkur ár liðu frá því henni var fyrst boðið og þar til hún lét af því verða að fara í sumar „Sennilega var hún bara hrædd við breytinguna. En hún var alsæl með

dvölina og ætlar á næsta ári að vera tvær vikur.“

Vinnusöm og ánægð

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera fyrir utan sundið?

Kristín: „Mér finnst gaman að skrifa og gaman í tölvunni.“

Sigríður: „Já þú ert nú orðin svo klár á tölvuna að ég kalla stundum á þig til að fá þig til að aðstoða mig þegar ég kann ekki eitthvað.“

Kristínu finnst það mjög skondið og jánkur því og segir að það geti verið erfitt að kenna mömmu sinni.

Sigríður: „Já þá gerirðu bara það sem þarf að gera“ og hún bætir við að Kristínu finnst líka mjög gaman að syngja og dansa og í það þurfi heilmikið þrek líka.

Kristín var í dansi í grunnskólanum og hafði verulega gaman að því og svo fór hún líka á eitt dansnámskeið hjá Fræðslumiðstöðinni. Sigríður segir að það geti stundum verið erfitt að vera á litlum stað þar sem vant kannski smá í litróf flórunnar og Kristín gjaldi stundum fyrir það, eins og í dansinum, það sé ekki auðvelt að finna leiðir til að hún geti stundað dans, þar sem jafningjaflóran er ekki auðug.

Kristín er að vinna á endurhæfingaradeild Sjúkrahússins á Ísafirði og þar er hún að þrifa í tækjasalnum og einnig aðstoðar hún í þvottahúsinu. Hún á heiðurinn af því að tækin og bekkimír þar eru alltaf svo skínandi fin. Samstarfsfólk hennar segist sjá greinilegan mun ef Kristín er ekki í vinnu, sem þær mæðgur segja góða viðurkenningu á störfum hennar. Kristín vinnur frá 8–12 fjóra daga í viku og er ánægð í vinnunni. Svo fer hún líka einu sinni viku til Önnu Bínu í Klæðakot þar sem hún fær tilsögn við alls kyns hannyrðir sem Kristínu finnst mjög skemmtilegt. Þar til að mynda saumar hún út og þrjónar og finnst henni allt handverkið mjög skemmtilegt. Hún hefur líka farið á saumanámskeið og saumað sér tvo kjóla og leggingsbuxur. Hún hefur einnig þrjónað sér tvær peysur, pils og kjól. Þar sem hún meira að segja teiknaði upp mynstrið á kjólnum sjálf. Núna er hún að sauma út krosssaumsmynd.

„Það er unun að fylgjast með því upp á síðkastið og sérstaklega eftir að hún fór að vinna á sjúkrahúsinu hversu mikið sjálfstraust hennar tók að styrkjast. Ég lýg því ekki að ég sá á henni þegar hún var nokkurra mánaða gömul hversu feimin hún var og átti því erfitt með samskipti við aðra. En upp á síðkastið hefur verið virkilega gaman að sjá hversu mikið hún hefur vaxið,“ segir Sigríður sem er að vonum afar stolt af dótturinni. Kristín bætir því við að hún hafi svo gaman að öðru fólki og henni finnst mjög skemmtilegt að kynnast nýju fólki. Í framhaldinu förum við að ræða mikilvægi þess að pláss sé fyrir allar gerðir fólks í samfélaginu okkar og að það sé þannig farið að við séum ekki öll



eins. Kristín segir að fyrst og fremst séum við sjálf, eins og í verkefninu og vitnar hún þar um ljósmynda-verkefni ljósmyndarans Siggu Ellu undir yfirskriftinni „Fyrst og fremst er ég,“ en innblásturinn er sóttur í grein eftir Halldóru Jónsdóttur, konu með Downs, sem velti því fyrir sér í stuttu máli hvort ekki væri pláss lengur fyrir fólk með litningagallann og hvort það væri í raun vilji manna að við værum öll eins.

Sýndi snemma hvað í henni býr

Sigríður segir afrek dóttur sinnar á Ítalíu ekki einsdæmi. „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún kemur okkur á óvart. Þegar hún var að hefja skólagöngu þá byrjuðum við á því að funda með skólayfirvöldum þar sem við vorum spurð út í hverjar væntingar okkar fyrir skólagöngu Kristínar væru. Við foreldrarir vorum alveg á því að við vildum að hún lærði að lesa. Það var eins og við hefðum slegið þau utan undir með þessu og var sem við gerðum mjög óraunhæfar kröfur. Þegar fundurinn var að klárast, þá vorum við spurð um hvort við vildum ekkert endurhugsa þetta. Við vorum ekki til í að bakka, því við höfðum fulla trú á því að hún gæti lært að lesa. Við vorum ekkert að halda því fram að hún gæti orðið rithöfundur en vildum að hún gæti lesið sér til gagns og gamans þar sem við vissum hvað það var mikil undirstaða fyrir lífsgæði hennar, þó hún myndi bara stauta sig áfram. Þegar Kristín var svo í fjórða eða fimmta bekk þá var hún farin að lesa 78 atkvæði og þá segir kennarinn hennar að sennilega fari hún ekki hærra. Við foreldrarir höfðum hvort á annað og sögðum að við skyldum nú sjá til með það. Ári seinna fórum við aftur á fund kennarans og þá segir hún okkur að hún muni aldrei aftur vera með svona fullyrðingar en þá var Kristín farin að lesa yfir 150 atkvæði og kom þar öllum á óvart. Eftir grunnskólann fór Kristín á starfsbraut Menntaskólans á Ísafirði sem mamma hennar segir

hafa verið virkilega góðan tíma og Kristín verið virkilega ánægð. Óhætt er að segja að Kristín hafi strax í grunnskólanum sýnt hvað í henni býr og hefur það komið sér afar vel fyrir hana, eins og gefur að skilja, að vera bæði lesandi og skrifandi og hefur Kristín sérlega gaman að því að skrifa. Vinnufélagar hennar á endurhæfingardeildinni fengu hana til að mynda til að skrifa markmið fyrir Evrópumótið sem hengd voru upp á töflu í vinnunni, þar var fyrsta setningin á þá leið að hún ætlaði sér út á þetta mót og rústa því! Sem voru orð að sönnu. Svo var hún líka þar með hógvævari markmið eins og mottóið sitt sem var að fara og gera sitt besta.

Gott að hitta fólk á sínu reki

Fólk í fötlunarflokknum S16, sem Downs-fólk er í hefur ekki keppnisrétt á Ólympíumóti fatlaðra, sem hefur verið talsvert gagnrýnt. Því var gripið til þess ráðs af DSISO félaginu að vera með sér mót fyrir þennan hóp og eru haldin Evrópumót annað hvert ár á móti heimsmeistaramóti hitt árið.

Kristínu fannst mjög gaman að taka þátt í móti á Ítalíu en áður hefur hún farið á mót bæði í Malmö og Berlín. Á þeim mótum var hún að keppa upp fyrir sig en mótið á Ítalíu var það fyrsta þar sem hún keppti á jafningjagrunnvelli. Sem Sigríður segir að þær hafi verið spenntar að sjá hvernig myndi takast til. Hún segir að þeim hafi þótt virkilega gaman að sjá svona marga með Downs saman komna og gaman að sjá hversu gott Downs-fólk um allan heim hefði það.

Sigríður segir að mömmuhjartað hafi aðeins komist við að sjá hversu vel fór á með krökkunum sem voru saman í liðum og hversu mikill kærleikur ríkti þeirra á meðal. Hún segist sakna þess smá fyrir hönd dóttur sinnar að hafa félagsskap meðal jafningja. Því þó fólk sé með fötlun þá eiga þau ekki skap saman með öllum frekar en við hin. Á móti hitti Kristín fullt af fólki á sínu reki og segir

Sigríður það hafa verið gaman að sjá hvernig hún tengdist án þess að geta tjáð sig með orðum við félaga sína. „Fyrstu tvo dagana var hluti hópsins á öðru hóteli en því sem keppendurnir voru á. Við vorum þar og Rússarnir líka og fyrsta daginn þegar við vorum á leið á æfingu fyrir mótið, þá hittir Kristín eina stelpuna úr rússneska liðinu niður í lobbýi og það var strax tenging þeirra á milli. Þær gátu auðvitað ekkert talað saman en þær horfðu svo skemmtilega sposkar hvor á aðra. Flissuðu og horfðu.“ Kristín samsinnir þessu og segir að rússneska vinkona hennar hafi verið að kíkja á hana. Sigríður segir það hafa verið virkilega skemmtilegt að sjá hversu vel þær náðu saman án þess að hafa orðin til að tjá sig. Áður en þær kvöddust gaf rússneska vinkona hennar í minningargjöf og svo er aldrei að vita nema þær stöllu hittist á nýjan leik á einhverju stórmóti.

Var eitthvað prógramm fyrir hópinn annað en að mæta til keppni? „Nei það var bara enginn tími til þess. Ég hélt einmitt fyrir fram að það yrði kannski eitthvað skemmtilegt gert á kvöldin, en guð minn góður, á kvöldin var ekkert þrek til þess. Þetta var bara þannig að rútan kom að sækja okkur á morgnana og þá tóku við æfingar fyrir mótið og síðan var keppt fyrst í undanúrslitum fyrir hádegi og svo í úrslitum eftir hádegi, svo fórum við aftur upp á hótél þar sem við borðuðum og hvíldum okkur, næsta dag tók sama við. Þegar við vorum búnar að borða um níuleytið á kvöldin þá vorum við bara alveg búnar á því.

Síðasta kvöldið var sameiginlegur hátíðarkvöldverður og skemmtun. Þar fékk Kristín afar fallegan viðurkenningarskjöld þar sem hún var valin efnilegasti sundmaður mótsins af þjálfurum og fararstjórum liðanna sem á móti henni kepptu.”

Með bein í nefinu

Mótið var fjórir dagar og voru æfingar og keppni, þar sem bæði

var keppt í undanúrslitum og svo til úrslita. Þurfti Kristín að fara í laugina fjórum sinnum á dag og segir Sigríður að hún hafi verið orðin ansi sjúð í að koma Kristínu í keppnisbolinn, sem hún segir það ærið verk sem taki tímann sinn og það hafi bogað af henni svitinn við það. En keppnissundbolir eru ekki eins og hverjir aðrir sundbolir, þeir eru eins litlir og þröngir og þeir geta mögulega verið til að þeir dragi ekki úr sundhraða keppenda. Ekki er verið á þeim í samræmi við efnismagnið því keppnisbolur kostar tugi þúsunda, svo það er greinilega að mörgu að hyggja þegar komið er á keppnisstig í sundi sem öðrum íþróttum.

Kristín segist aðspurð hafa fundið vel fyrir ákveðni sinni í keppninni og segist Sigríður hreinlega stundum hafa orðið hissa á að sjá sjálfagann sem dóttir hennar býr yfir. Við ræddum hvort Kristín segði eitthvað við sig í huganum til að hvetja sig áfram þegar hún væri að synda. Sigríður sagði að Kristín hefði þulið upp úti „bara ein ferð, ég verð enga stund að þessu - spýta í!“ Svo í 50 metrunum að þá var það „þetta eru bara tvær ferðir, spýta í og svo á ég bara eina ferð eftir og þá ætla ég að spýta enn meira í.“

„Já og ég gerði það“, svarar Kristín með stolti

Sigríður: „Þú gerðir það svo sannarlega. Mamma þín og bróðir voru kófsveitt við áhorfið. Hrópandi og gargandi út í loftið. Svo þegar sundið var búnað, þá bara – heimsmet!“

Blm: Það er alveg rosalegt. Heimsmet! Það er ekki margir Íslendingar sem geta státað af því.

Kristín: „Nei.“

Sigríður: Þessi heimsmet voru mjög óvænt. Sérstaklega í 100m skriðinu. Við fórum út með væntingar í 50m skriði þar sem hún hafði verið að synda það á nálægt gildandi heimsmeti og við hugsuðum að ef það væri einhver möguleiki að þá væri það í því sundi. En svo var það síðasta sund mótsins og Kristín orðin þreytt, svo hún var ekki í sínu besta formi – en sló samt Evrópumetið. Þess má geta að í 100m skriðsundinu voru afar sterkir keppendur og voru þrjátíu keppendur sem syntu í þeirri grein.

Kristín varð hálf lasin á meðan á keppninni á Ítalíu stóð. Sunddrottningin gaf nú ekki mikið út á það og sagðist bara hafa verið smá slöpp.

Sigríður: „Hún var með kvef og fékk svo eynabólgu og hún fór á lyf um leið og hún kom heim. Hún las færslu sem ég setti inn á Fésbókarsíðuna hennar þar sem ég sagði frá því að hún væri komin með kvef og ég vonaði að það næði ekki yfirhöndinni. Hún hélt nú ekki stúlkan, hún ætlaði ekki að láta kvef slá sig út af laginu og sagði „kvef getur ekki ráðið yfir manni“. Ég fékk svo sjálf kvefpest við heimkomu og hugsaði með mér að

ekki væri ég nú til í að vera að fara að keppa í sundi í þessu ástandi.“

Fjölskyldan saman á Ítalíu

Svala Sif Sigurgeirsdóttir er þjálfari Kristínar og hafa þær unnið afar vel saman, en nú er Svala barnshafandi og komst ekki með Kristínu út til Ítalíu. Svo hóað var í Braga bróður hennar sem kom til liðs við mæðgurnar frá Danmörku. Bragi er þaulreyndur í sundinu bæði sem keppnismaður og síðar sem þjálfari hjá S.H. „Ég veit ekki hversu margir þarna úti vissu að við værum fjölskylda, en það voru margir sem komu að máli við mig og sögðu hvað það væri gaman að sjá hvað við vorum notaleg saman. Sem er kannski eðlilegt þegar maður veit að þarna er á ferðinni móðir með tvö börn“, segir Sigríður og hlær. „Þjálfaramir komu líka margir til Braga og sögðu hvað væri gaman að sjá hversu vel hann náði til Kristínar. Við vorum náttúrulega sérlega heppnar að hann skyldi hafa komist með okkur fyrst að Svala gat ekki farið.“

Kristín var augljóslega mjög ánægð að hafa bróður sinn sér við hlið og segir hann hafi verið mjög duglegur við að hvetja hana. Sigríður segir að undir lokin hafi Kristín verið orðin svolítið þreytt, eins og gefur að skilja, og þá hafi hún verið að spyrja Braga hvað væru mörg sund eftir. Hún segir að Bragi þekki systur sína vel og viti vel hversu mikið er hægt að bjóða henni og bara einstaka sinnum hafi borið á því að væri sem Kristín hugsaði með sér „fer þetta ekki að verða komið gott“ en hún hélt samt áfram.

Fannst þér Bragi stundum erfiður við þig? „Já smá“, segir Kristín, en segir svo samt ekki svo mjög. Hann hafi verið duglegur og hann hafi talað við alla sem þurfti að tala við og var hún augljóslega ánægð með það. Sigríður segir ýmsa hnökra hafa verið fyrsta keppnisdaginn og það hafi sannarlega verið gott að hafa Braga í öllum praktískum málunum sem lutu að keppninni enda hafi hann mikla reynslu úr sundinu, bæði sem keppandi og þjálfari.

Sigríður segist aðeins hafa horft eftir því hvernig fyrirkomulag virtist hjá öðrum keppendum er kom að starfsmannamálum og segir hún að það hafi verið algennt að hverjirtveir þátttakendur deildu með sér starfsmanni, sem og með flestum hafi foreldrar fylgt til aðstoðar. Kristín þarf að hafa með sér tvær manneskjur, eina sem aðstoðar hana við það sem þarf og þjálfara, en vegna anna hjá honum er honum ekki stætt á að vera líka aðstoðarmanneskja á svo stórum mótum. Sigríður segir það ólíkt því sem tíðkaðist hjá systkinum Kristínar sem bæði kepptu í sundi á árum áður. En þeim þurfi bara að skutla út á völl eða í rútuna þar sem þau fóru með liði sínu, sem gat talið allt að 10 manns, með



kannski einn þjálfara og einn til tveir fararstjórar. Í tilfelli Kristínar gæti þjálfari svo sem verið með fleiri keppendur en hún þyrfti alltaf með sér eina manneskju sér til aðstoðar.

„Það var svo yndislegt fyrir nokkrum árum þegar þær voru þrjár að keppa fyrir hönd íþróttafélagsins Ívars, það var til dæmis þannig þegar við fórum á fyrsta stóra mótið í Malmö. Mér fannst alveg agalegt þegar hinar hættu. Það var yndislegt að hafa þær Elmu Guðmundsdóttur og Ragneyju Líf (Stefánsdóttur) í liðinu. Ragney var Kristínu mikil aðstoð, alltaf boðin og búin að liðsinna henni og svo yndisleg í alla staði og þær báðar, en vegna fötlun sinnar var Ragney betur í stakk búin til að veita aðstoð.“ Kristín bætir við að hún hafi líka synt rosalega hratt. „Þær eru jafngamlar og þegar þær voru litlar þá skipti fötlunin kannski minna máli í samskiptum þeirra og alltaf var hún svo góð við Kristínu“, segir Sigríður og bætir við að bekkjasystur hennar hafi verið henni góðar og fötlun Kristínar minna mál þegar hún var yngri, en þegar hún elstist þá fóru

bæði Kristín og bekkjarsysturnar að finna meira fyrir því sem skildi þær að.

Sinn er síðurinn í hverju landi

Kristín segir að Ítalirnir hafi verið stressaðir og það hafi verið mikil læti í þeim og segir mamma hennar að virkilega gaman hafi verið að sjá ákveðni dóttur sinnar í keppninni. „Fyrsta daginn kom yfirdómarinn og vildi að hún byrjaði sundið ofan í lauginni. Það er þannig að við þurftum að koma með uppáskrifað frá lækni að hún mætti stinga sér í laugina, þar sem fyrstu sjö hálsliðirnir geta verið mjög viðkvæmir hjá fólki með Downs og mega þau þá ekki fá það högg á líkamann sem myndast við að stinga sér til sunds.

Þetta var merkt með þeim hætti að ef þau gátu stungið sér af palli var það merkt með einni stjörnu, ef þau gátu stungið sér af bakka þá voru það tvær stjörnur en þrjár ef þau þurftu að byrja ofan í lauginni. Dómararnir sáu ekki stjörnuna hjá Kristínu vegna lengdarinnar á nafninu hennar, en vegna þess þá færðist stjarnan um reit. Það var samt merkilegt hvernig þau

fóru að því að finna það út að hún væri með þrjár stjörnur þegar þau fundu enga. Það varð uppi fótur og fit og Bragi hljóp af stað til að reyna að greiða úr málunum. Það sem verra var að það fannst enginn sem talaði almennilega ensku, sem var ótrúlega algengt með Ítalina. Loks kom kona hlaupandi sem bauðst til að túlka og greitt var úr málinu. Kristín var beðin afsökunar á þessum mistökum en ég sá að þetta hafði áhrif á hana og stressaði hana mikið.

Seinna sama dag þá voru rosalega mikil læti í keppnishöllinni og Kristín heyrði ekki í flautunni og það voru allir komnir upp áráspallana og Bragi gargandi og gargandi og svo loksins heyrði hún í honum og fór upp á og þá var flautað. Hún fipaðist svolítið við það og sem gerði það að verkum að hún var stressuð næsta dag.

Kristín segir að hún hafi líka lent í skrytnu atviki þegar hún var á leið á verðlaunapall eitt sinnið að þá var annar keppandi alltaf að ýta í hana. En Bragi var þá líka skammt undan og gat reddað málunum. Sigríður útskýrir að verðlaunaafhending hafi verið í þremur flokkunum, Öldungar, T21 og Mósafk. Ein úr öldunga-flokknum sem hafði líka sigrað, var ekkert á því að hafa Kristínu með sér á verðlaunapallinum og var ítrekað að reyna að ýta henni af honum, en Bragi sagði við Kristínu að hún ætti að vera þar. Fyrst varð hún mjög ringluð yfir því hvort hún ætti að vera þarna eða ekki, en á endanum þá bara stóð hún sem fastast þrátt fyrir tilraunir hinnar sundkonunnar til að koma henni af pallinum og segist hún mjög ánægð með dótturina, hversu ákveðin hún var og dugleg að standa á sínu

Kristín bætir við að þarna hafi

líka verið fólk sem var að segja henni að standa á mismunandi stöðum og fannst henni Ítalirnir ólíkir Íslendingunum, mun meira stressaðir og með mikil læti. Mamma hennar bætir við að stundum hafi verið mikið kaos við verðlaunaafhendinguna og Kristín stundum ekkert vitað hvort hún ætti að koma eða fara, á endanum hafi svo einhver Dani skorist í leikinn og þá hafi hlutirnir loks farið að ganga smurt fyrir sig.

Tilfinningarússíbani hjá mömmunni

Sigríður segir að það hafi ekki verið laust við að sandkornafjúk hafi herjað á móðuraugun er þau fylgdust með dótturinni á verðlaunapallinum undir íslenska þjóðsöngnum og hún hafi hugsað með sér „þetta er af tilefni sígra dóttur minnar, hennar Kristínar, sem hefur verið tilfinningarússíbani frá því hún kom í heiminn. Hverjum hefði dottið þetta í hug?“

Sigríður segir það hafa verið alveg dásamlegt að finna viðbrögð fólk við afrekum Kristínar. „Ég hef ekki haft undan við að taka á móti árnaðaróskum og við vorum stoppaðar á götum úti í Reykjavík, þar sem fólk var að óska Kristínu til hamingju með árangurinn og svo var kona sem kom og færði henni blómvönd og þegar hún kom þá spurði ég hvort hún væri frá Downs-samtökunum og hún sagði „nei, ég er bara ég, svona skrytinn, mér finnst þetta bara svo æðislegt og langaði að færa þessari frábæru stelpu blóm.“ Okkur þótti þetta alveg yndislegt.“

Það var stofnaður styrktarsjóður fyrir hana sem hefur alveg séð um fjármálahlíðina. Ég hefði aldrei geta gert þetta allt. Ég hreinlega gat þetta ekki og guggnaði á þessu.

Það var bara alveg nóg fyrir mig að vera mamma hennar. Ég hef ekkert viljað setja mig inn í stöðuna þar sem ég er búin að vera í miklu tilfinningarússi út af þessu öllu saman. Þau hafa verið alveg frábær og gert þetta alveg stórkostlega vel. Ég veit að margir hafa lagt hönd á plóg og meðal annars kom umslag merkt Kristínu inn um lúguna hjá Jóni Páli (formanni sjóðsins) þar sem einhver lagði nafnlaust peninga í sjóðinn. Mér þykir afskaplega vænt um þetta allt og held að ég geti aldrei þakkað nógu vel fyrir okkur.“

Árið sem hlaupið og synt var hratt

2015 verður án efa í minnum haft sem risastórt ár í lífi Kristínar en til viðbótar við að hafa landað heims- og Evrópumetum, réðust foreldrar hennar í það verkefni fyrir hennar hönd að fjárfesta í íbúð rétt áður en haldið var út til Ítalíu. Kristín er greinilega mjög ánægð með að vera orðin íbúðareigandi og gleðst þegar það ber á góma. „Það kom íbúð á sölu rétt áður en við höldum utan, sem við töldum að myndi henta Kristínu mjög vel og geta boðið upp á mikið öryggi fyrir hana. Við skelltum okkur í þetta og keyptum og treystum því að Kristín yrði ánægð með gjörninginn. Hún varð alveg alsæl með foreldra sína. Þegar við vorum úti og hún búin að slá annað heimsmetið, þá sagði hún „takk fyrir að eignast mig mamma“ og þegar við vorum búin að kaupa íbúðina þá sagði hún „ég elska pabba minn“ Kristín bætir við að sjálfssögðu elski hún mömmu sína líka.“

„Kristín er búin að tala um það í mörg ár að hún ætli að stofna sitt eigið heimili og flytja að heiman. Við sömdum um það við hana að



www.Vestfirðir.vf

Fuglinn í fjörunni

Fjörir ónafngreindir einstaklingar skiptast á um að tjá sig í þessum dálki

Hvernig stofnar maður ríki? Ætli það sé nóg að hringja í hr. Google og panta nýja endingu á heimasíðunum okkar, gefa upp .is og taka upp nýja endingu .vf. eða eitthvað álíka. Ætli maður þurfi líka fána, svartan með hvítu, líkt og sjóræningjar forðum. Á fánanum væri kjálkinn sem einu sinni var. Vestfjarðakjálkinn.

Það kann að þykja kjánalegt eða í það minnsta barnalegt að hugsa þá hugsun að Vestfirðir ættu að vera sjálfstætt ríki. En hvað er til ráða þegar að maður býr í landi þar sem að markvist er unnið að því að útrýma okkur sem hér viljum vera eða kannski ekki útrýma okkur, útrýma veru okkar hér, fá okkur til að flytja suður. Gæti verið að okkur væri betur borgið einum og sér?

Við búum á svæði sem kann

að þykja eitt af þeim eftirsóttustu í heiminum með gjöful fiskimið, matarkistu rétt utan strandar, endalaust af fersku vatni sem fyrr eða síðar verður munaðarvara en má nota til orkuframleiðslu þangað til. Við erum með óendalega, óviðjafnanlega náttúru sem nýta má á ýmsan hátt en samt erum við á góðri leið með að útrýma okkur. Við erum líkt og Evrest-fari sem er að verða búinn með súrefnið, síðustu droparnir eru eftir og við veltum fyrir okkur hvort að við náum niður eða hvort rétt sé að fara að finna góðan stað til að setjast á og bíða endalokanna.

Okkur hefur verið talin trú um að við séum, þrátt fyrir öll þessi gæði, baggar á þjóðfélaginu og við erum farin að trúa því. Staðreyndin er hinsvegar allt önnur. Talið er að önnur hver króna sem

við greiðum í sameiginlega sjóði fari suður og komi aldrei aftur til baka. Við eigum því engan kost annan en að elta skattkrónurnar okkar suður og nýta þær þar. Skattkrónurnar eru líkt og fuglar sem að hausti fljúgja í suðrið en ólíkt fuglunum koma þær hinsvegar fæstar til baka að vori.

Einhver önnur lögmál virðast líka gilda um auðlindina okkar, ja okkar, við eigum víst sjávarauðlindina, fiskana sem synda hér fyrir utan og bíða þessa að vera veiddir, öll saman. Þ.e. við öll á Íslandi ekki bara við sem erum hér og höfum nýtt þessa auðlind og fjárfest hér til að sækja í hana. Það er búið að sannfæra okkur um að hún sé ekki okkar heldur fáum við bara að veiða smá úr henni gegn því að greiða veiðileyfagjald fyrir, taka nokkra fiska úr henni

gegn greiðslu í sameiginlega sjóði sem náttúrulega eru að mestu nýttir annarsstaðar en hér. Nýttir til að byggja enn fleiri stofnanir í höfuðborginni og búa til enn fleiri störf þar. Það gilda nefnilega einhver önnur lögmál um þessa auðlind en aðrar. Okkar auðlind er í eigu okkar allra en aðrar s.s. heitt vatn og fallvötn eru í eigu þeirra sem búa við hliðina á auðlindinni. Slíkum auðlindum á ekki að deila og ekki að greiða neitt gjald af, bara auðlindinni okkar.

Á sama tíma og skattlagning á auðlindina okkar er stóraukin er skorið niður hér. Læknum er fækkað, dregið er úr þjónustu og störfin flutt frá okkur. Ríkisbankinn fer þar fremstur í flokki og stjórndur þar hafa ekki hugmyndaflug til að finna tugi af hundruðum starfa bankans stað á

þessu svæði. Þeir hafa skilgreint sig sem miðbæjarfyrirtæki. Í miðbæ höfðuborgarinnar og allt sem er ekki í göngufæri við Bæjarins bestu fellur ekki að hugmyndafræðinni.

En fyrst að höfuðborgin vill ekki eiga okkur, væri þá kannski bara ráð að bjóða Vestfirði og auðlindina þar til sölu, selja hæstbjóðanda. Væri það góð viðskiptahugmynd. Ég væri til í að kaupa Vestfirði og auðlindina hér fyrir utan og fá í staðinn skatttekjurnar. Það held ég að væri fint mál. Þá færu ekki skattpeningarnir mínir í að halda úti stofnunum eins og Þjóðleikhúsinu, sem líkt og ríkisbankinn virðist skilgreina sig sem Miðbæjarfyrirtæki. Þá fengi Litli leikklúbburinn inn mínar skattkrónur.

Það myndi vera tekið til alvarlegrar skoðunar árið 2015. Við höfum verið að stefna að þessu í nokkur ár og vorum alltaf að bíða eftir því að Ísafjarðarbær og Þroskahjálpmyndu byggja eins og stóð til, en það hefur ekkert orðið af því ennþá. Kristín hefur oft furðað sig á því af hverju ekkert væri að gerst í þeim málum þar sem það var búið að segja að þetta yrði.

Þegar Kristín varð 16 ára byrjaði hún að fá orörkubætur og við ákváðum strax að eftir fremsta megni yrði þeim peningum varið í að byggja henni framtíðaröryggi í formi húsnæðis, þannig að þetta er ferli sem löngu er hafið. Sem foreldri reynir maður að sjálfsögðu það sem maður getur til að tryggja öryggi barna sinna. Við höfum nú varla haft tíma eða tækifæri til að setjast niður og ræða almennilega hvernig útfærslan á þessu svo verður.

Við erum ekkert farin að tala við einn né neinn, en í húsinu sem hún keypti íbúðina eru fleiri fatlaðir einstaklingar með þjónustu og vonumst við til að geta samnýtt það að einhverju leyti. Kristín þarf ekki þjónustu allan sólarhringinn en það að hún geti búið við það öryggi að hafa gæslu á nóttunni er eitthvað sem við metum mjög hátt í öryggisþörf hennar. Við eigum svo eftir að setjast niður með þeim sem sinna málaflokki fatlaðra hjá bænum til að sjá hvaða þjónusta er í boði fyrir hana í gegnum NPA,

sem er notendastýrð persónuleg aðstoð. Þá getur Kristín sjálf haft áhrif á hverjir vinna með henni og hún haft mikið að segja um framkvæmd mála. Okkur líst auðvitað mjög vel á að hún hafi sem mest um það að segja sjálf. Hún er líka þannig að hún þarf ekki 24stunda aðstoð og það eru margir hlutir sem hún ræður vel við að gera sjálf. Nú sér Kristín fyrir sér að hún verði með kaffi- og matarboð út í eitt" segir Sigríður og hlær og bætir við að þetta sé haustið sem fjölskyldan bæði hljóp og synti hratt.

Kristín er með á stefnuskrá sinni að fara á tvö góð innanlandsmót á ári og tvö mót erlendis, í ár hittist þannig á að Íslandsmeistaramótið í 25m laug var akkúrat sömu helgi og Kristín var úti að keppa og því engin leið fyrir hana að taka þátt í því. Næsta mót hjá Kristínu heitir Malmö-open og verður í Svíþjóð 13.–14. febrúar 2016.

Svala, þjálfari Kristínar, er alveg harðákveðin í að þær séu að fara á heimsmeistaramót og segir Sigríður það hafa verið yfirlýst markmið þegar Kristín var kosin íþróttamaður Ísafjarðarbæjar í annað sinn að þangað væri stefnan sett. Það er heljarinnar mál að fara til keppni sem þessarar og segir Sigríður og sennilega væru þau ekki að standa í þessu nema einmitt vegna þess hversu vel Kristín stendur sig og vegna þeirrar meðvitundar að hún

sápa

www.sapa.is

- Allar bestu hárvörurnar á einum stað
- Pantaðu í netverslun okkar og fáðu sent heim
- Hringdu og fáðu faglega ráðgjöf
- Úrval af fallegum jólagjöfum

// Laugavegi 61 // 101 Reykjavík // s. 511-1141

sé á heimsmælikvarða. Svo nú er stefnan sett hjá sundkonunni knáu á heimsmeistaramót DSISO sem

verður haldið í Flórens á Ítalíu.

Þegar blaðamaður spurði Kristínu hvort hún væri nokkuð komin

með leiða á að synda svaraði hún að bragði „Nei – ég gefst sko ekki upp.“
annska@bb.is



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



SAMTÖK
FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

#samferða

ferdamalastefna.is

Samferða

OPINN FUNDUR UM NÝJAN VEGVÍSI Í FERÐAÞJÓNUSTU

með Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Helgu Árnadóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar

Mánudaginn 30. nóvember

ÍSAFJÖRÐUR / Edinborgarhúsið kl. 12

Sjá nánar á ferdamalastefna.is

Allir velkomnir



Sportið í beinni...

fimmtudagur 26. nóvember

17:55 FC Basel - Fiorentina
17:55 FK Qarab - Tottenham
Hotspur (OPIN DAGSKRÁ)
20:00 Celtic - Ajax Amsterdam
20:00 Liverpool - Bordeaux

föstudagur 27. nóvember

19:00 FSU - Snæfell
22:00 Dominoskórufuboltakv.
01:00 Ind Pacers - Chic. Bulls
laugardagur 28. nóvember
09:55 F1 - Æfing - Abu Dhabi
12:25 Ch. Athl - Ipswich Town
12:50 F1 - Tímat. - Abu Dhabi
14:50 Sunderland - Stoke City
14:50 Crystal Pal - Newc Utd
14:50 Man City - Southampton
14:50 Aston Villa - Watford
14:50 Bournemouth - Everton
14:55 Barcelona - R Sociedad
17:20 Leicester City - Man Utd
19:40 AC Milan - Sampdoria

sunnudagur 29. nóvember

11:50 Tottenh Hotsp - Chelsea
12:30 F1 - Abu Dhabi
13:55 West Ham United - WBA
14:55 Eibar - Real Madrid
15:45 Kolding - Barcelona
16:05 Norwich City - Arsenal
16:05 Liverp - Swansea City
19:40 Palermo - Juventus
19:05 Snæfell - Haukar

mánudagur 30. nóvember

17:55 Sassuolo - Fiorentina
19:55 Napoli - Internazionale
21:00 Messan

þriðjudagur 1. desember

19:40 Man City - Hull City
19:40 Middlesb - Everton

miðvikudagur 2. desember

19:10 Stjarnan - Grindavík
19:40 Shampton - Liverpool

Dagar Íslands

30. nóvember 1916:

Goðafoss strandaði í hríðar-
veðri við Straumnes fyrir norð-
an Aðalvík á Hornströndum.
Skiptið náðist ekki aftur á flot
en mannbjörg varð. Skiptið var
ekki orðið tveggja ára er það
strandaði.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Norðan 10-18 m/s og snjó-
koma N-til, en að mestu bjart
syðra. Frost 2 til 12 stig, kald-
ast í innsveitum A-lands.

Á laugardag, sunnudag og mánudag:

Útlit fyrir áframhaldandi norð-
læga átt, hvassa á köflum,
með eljum eða snjókomu N-til
en bjartveðri sunnan heiða, og
talsverðu frosti.

Krossgátan

					ÞRÍSTRENT GLER	LALLA	SKORTUR		HALD	ÁN	ÞRAUT
					KENNI- MAÐUR						
					ÁSTÆÐUR			MAKA FLOTT			
					VONSKA						
					MÁLHEITI				ÓNEFNDUR STREITA		
	↓	RASK	TVÖ ÞÚSUND	SKÓLI KRÁ			SKYLDIR HVERJUM EINASTA			ALLS- LEYSINGI	AFHÓLFA
ÍSTRA						FORLÖG SIÐA					
FORMÓÐIR					VÍGT BORD SELUR						
TVEIR EINS			VITLEYSA ÞÖKK					LYFTIDUFT DYLJA			
VEIÐAR- FÆRI				RIFA SLUMPUR					HREYFING NUDD		
FÍFLAST						SPILLA HUG- FÖLGINN					
		ÚTUNGUN TÓNSTIGI				SLIT HVÆSA					ILMUR
UNG- DÓMUR					ÞJÁLFA NÝJA				ÓSKAR	BLÁSA	
TVEIR EINS			SPÍRA ÞEI					VÖNTUN BLEKKING			
YNDI						GRAFÍSK AÐFERÐ					
FLATFÓTUR						SIGTA					
SKISSA						ÓSKIPTAN					

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu

	TALIA	ÖNABA	KAFMÆÐI	ÓLETI	BARINN	LYKT
HINDRUN	T	R	A	F	A	L
FLJÓT-FÆRNI	R	A	S	UMRÆÐA	T	A
STEFNA	I	S	M	FLATFÓTUR	RÖMVERSK TALA	M
NAFN-PLATA	S	K	I	MALI	T	I
	H	ÆPA	TVEIR EINS	ÁTT	VERKUR	S
LALLA	R	Ö	L	UPPGÖTVA AUGNHÄR	F	I
ÖSALA	Ö	S	L	KORN	B	Y
LISTA-MADUR	K	K	LYGN	HEIMUR	PAKBRÚN	U
KNÆPA	K	R	Á	NOKKRIR	F	Á
KEFLI	V	A	L	TIND	R	A
	I	GAMALL	F	ÖR	N	S
BETL	S	N	A	P	Ó	S
BÖK-STAFUR	K	Á	ILÁT	P	O	T
SÆLINDÝR	A	Ð	A	FLYTJA	F	A
DÝRKA	T	I	G	N	A	I
ELDSTÆÐI	A	R	I	N	N	Ú

Sudoku þrautir

								3
	3	5		2				
		1		3	7	6		
7					3			
	8	6			4		1	
	2				9			5
8				1				
				5			2	7
3	9			4			8	

2			4	5			8	
		9		6			4	3
7								1
5						3		
1		7	8		9	6		
	8				2			
3	7		1				5	6
				2	8	4		9
4		8			5	1		2



7. flokkur KFÍ ásamt Nökkva þjálfara.

Unnu alla leikina og komnar í A-riðil

B-riðill Íslandsmóts 7. flokks stúlkna í körfubolta fór fram á Ísafirði um helgina. Mótherjar KFÍ í riðlinum voru KR, Njarðvík B og sameiginlegt lið Tindastóls og Þórs Akureyri. Skemmst er frá því að segja að KFÍ stúlkur gerðu sér lítið fyrir og unnu alla sína leiki og fara því upp í A-riðil í næstu umferð. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2011 sem KFÍ á liði í A-riðli á Íslandsmóti yngri flokka en síðast gerðist það árið 2011 þegar 9. flokkur stúlkna lék megnið af vetrinum í A-riðli. Stelpurnar og Nökkvi Harðarson þjálfari þeirra eiga því sannarlega hrós skilið fyrir frábæran árangur.

Í fyrsta leik riðilsins sem var leikinn á laugardag mættu KFÍ stelpur KR. Það var mikil spennan fyrir þennan leik enda fór síðasta viðureign liðanna í framlengingu sem endaði með sigri KR. Eins og við var að búast var leikurinn hnífjafn og mikil barátta í báðum liðum. Eftir æsispennandi lokamínútur höfðu KFÍ stelpur sigur með einu stigi 25-24.

Í síðari leik dagsins mættust Njarðvík B og Tindastóll/Þór. Í þeim leik kom glögglega í ljós styrkur norðanstúlkna sem hafa innanborðs mjög sterka einstaklinga. Svo fór að Tindastóll/Þór vann öruggan sigur 51-3, þrátt fyrir að vera aðeins með sjö leikmenn í hópnum.

KFÍ mætti Njarðvík B í fyrsta leik sunnudagsins. Njarðvíkurstúlkur mættu ákveðnar til leiks eftir erfitt tap gegn Tindastóll/Þór á laugardag og spiluðu vel á köflum. KFÍ var þó alltaf skrefi á undan og lauk leiknum með nokkuð öruggum sigri KFÍ, 24-14.

Næst mættust KR og Tindastóll. Leikurinn var nokkuð jafn framan af en Tindastóll/Þór sýndi styrk sinn og vann öruggan sigur 41-18. Með þessum úrslitum var orðið ljóst að næsti leikur mótsins, þar sem Tindastóll/Þór mætti heimastúlkum í KFÍ, yrði úrslitaleikur um sigur í riðlinum.

Lokaleikur KFÍ var eins og við var að búast æsispennandi og var hart barist. Stúlkurnar að norðan leiddu leikinn með fáum stigum í fyrri hálfleik en KFÍ stelpur hleyptu þeim aldrei

langt á undan sér. Í seinni hálfleik var aðeins farið að draga af Tindastóll/Þór, enda höfðu þessar kraftmiklu stelpur spilað erfiðan leik skömmu síðar þar sem einn leikmaður slasaðist. Í loka fjórðungnum var fámennst lið þeirra norðanstúlkna komið í nokkur villuvandræði enda voru KFÍ stelpur duglegar að sækja að körfunni sem skilaði villum og vítaskotum. En til marks um ákefðina og kraftinn í Tindastólstúlkum þá gerði leikmaðurinn sem slasaðist gegn KR sér lítið fyrir og spilaði megnið af loka-

fjórðungnum. Þegar leiktíminn var úti var staðan jöfn og því þurfti að grípa til framlengingar. Í framlengingunni var lið KFÍ heldur sterkara, enda farið að draga af leikmönnum Tindastóls/Þórs á meðan Nökkvi þjálfari KFÍ var duglegur að skipta inn á og dreifa álaginu. Lokatölur eftir framlengingu 35-29 KFÍ í vil og sæti í A-riðli tryggt.

Í lokaleiknum komu stelpurnar í Njarðvík B svo á óvart og sigruðu KR í baráttuleik 18-21 og því ljóst að KR leikur í C-riðli í næstu umferð.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Samúel Jóhann Eliasson
– Jói frá Bæ í Trékyllisvík –

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fimmtudaginn 19. nóvember.
Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 28. nóvember kl. 11:00

Guðjón Andersen Sigrún Þórey Ágústsdóttir
Ragnheiður E Samúelsdóttir Sigm. Freyr Garðarsson
Sigurvin E Samúelsson Jónína Baldursdóttir
Magnús G Samúelsson Sigríður Gunnsteinsdóttir
afabörn og langafabörn

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær niptung sjávarauðlinda



Eucerin®

HÚÐVÍSINDI SEM SJÁST



Bað- og sturtuolía sem róar þurra og pirraða húð


AtoControl bað- og sturtuolían hindrar að þurr og pirruð húð þorni upp og kemur aftur á náttúrulegu jafnvægi húðarinnar. Hentar jafnvel húð sem hætt er við ofnæmi.

- Hátt innihald af náttúrulegum olíum
- Hreinsar vel þurra húð og færir húðinni náttúruleg lípíð
- Mild og freyðandi
- Hentar jafnvel ungabörnum frá 3 mánaða aldri

Prófaðu endilega líka AtoControl kremin frá Eucerin®

FÆST AÐEINS Í APÓTEKUM

MJÖG ÁHRIFARÍKT OG KLÍNÍSKT PRÓFAÐ



Heimsækið Eucerin.com
fyrir meiri upplýsingar